



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Staða ráðninga á skóla- og frístundasviði 3. september 2025

Þann 3. september var send fyrirspurn til stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva á skóla- og frístundasviði um stöðu í starfsmannamálum. Svör bárust frá öllum. Samkvæmt svörum þeirra er búið er að ráða í um 97,3% grunnstöðugilda í leikskólum, 98,1% í grunnskólum og um 75,3% í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum. Eftir á að ráða í 39 grunnstöðugildi í leikskólum, 46,9 stöðugildi í grunnskólum og 79 stöðugildi í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum.

Hafa ber í huga að stjórnendur fá á næstunni í hendur uppfærðar upplýsingar um heildarstöðugildafjölda sem þeir mega ráða samkvæmt reiknilíkönunum með tilliti til samsetningar barnahópsins á hverjum stað. Á þetta sérstaklega við stöðugildi vegna úthlutaðrar sérkennslu. Þessar tölur eru því birtar með fyrirvara um breytingar. Staðan verður skýrari í næstu stöðutöku sem er í byrjun október nk.

	Austurmiðstöð	Norðurmiðstöð	Suðurmiðstöð	Vesturmiðstöð	Samtals
Leikskóli (stg.)	10	6	14	9	39
Grunnskóli (stg.)	10,2	15	10	11,7	46,9
Frístundaheimili og sértækar félagsmiðst. (stg.)	26	29	11	13	79
Fjöldi stm í fríst.starfi	52	58	23	25	158

Tafla 1. Staðan í ráðningum skipt eftir starfsemi og borgarhlutum 3. september 2025.

Í leikskóla á eftir að ráða í 39 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun samanborið við 75,8 þann 4. september 2024. Að auki á eftir að ráða í samtals 13,2 stöðugildi í eldhús og vegna afleysinga vegna undirbúningstíma og skammtímaveikinda. Samtals á því eftir að ráða í 52,2 stöðugildi en þann 4. september fyrir ári, átti eftir að ráða í 101,8 stöðugildi. Spurningin sem leikskólastjórar svöruðu var hvað vantar mikið af stöðugildum í dag miðvikudaginn 3. september, þannig að fullmannað sé miðað við að öll börnin hafi hafið vistun, þ.e þau börn sem eru í vistun í dag og þau sem búið er að bjóða vistun. Því byggja ofangefnar tölur á þeim degi en jafnframt gáfu leikskólastjórar upp að búið er að ganga frá ráðningu í 6,7 stöðugildi en það starfsfólk hefur ekki hafið störf enn. Auk þessara stöðugilda sem vantar á gefnum degi vænta leikskólastjórar þess að þeir þurfi að ráða í um 8,5 önnur stöðugildi í stað núverandi starfsfólks sem mun fara í leyfi eða hætta störfum á komandi vikum og mánuðum. Á biðlista með vistunarumsókn þann 3. september 2025 voru samtals 467 börn 12 mánaða og eldri. Af þessum 467 börnum voru 74 börn 18 mánaða og eldri.



Í grunnskóla á eftir að ráða í 46,9 stöðugildi samanborið við 68,1 stöðugildi þann 4. september fyrir ári. Flest stöðugildi sem er verið að ráða í eða 25,7 stöðugildi, eru vegna stuðnings en það starfsfólk er í flestum tilvikum ráðið í upphafi skólaárs. Eftir á að ráða færri kennara til starfa í ár eða í 11,7 stöðugildi en 20,6 stöðugildi þann 4. september í fyrra.

Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar á eftir að ráða í 79 stöðugildi eða um 158 einstaklinga því um er að ræða hlutastörf. Á sama tíma fyrir ári, nánar tiltekið 4. september 2024, átti eftir að ráða í 67,9 stöðugildi. Ráðið hefur verið í um 75,3% stöðugilda en ráðningar eru í fullum gangi og staðan breytist á degi hverjum. Mikið af starfsfólki frístundaheimila eru námsmenn þar sem um hlutastörf er að ræða. Staðan á biðlistum breytist daglega. Þann 3. september 2025 var búið að sækja um fyrir 4.278 börn. 3.137 börn eru komin með samþykktu dvöl, þar af eru 576 með hlutavistun. Á biðlista eru 1.141 barn.

Niðurstöðurnar eru nýttar til að greina stöðuna og beina stuðningi til þeirra starfstaða sem eru í mönnunarvanda. Ákvarðanir um auglýsingaherferðir byggja jafnframt á þessum upplýsingum. Þá fá fagstjórar, stjórnendur og mannauðsráðgjafar í miðstöðvum góða yfirsýn yfir stöðuna og fjármálaráðgjafar og stjórnendur starfsstaðanna stilla saman strengi um hvaða heimildir eru til ráðninga.

Næsta fyrirhugaða formlega stöðutaka á ráðningum er 8. október 2025.



Fylgiskjöl

Tölfræði um stöðu ráðninga og áhrif á þjónustu.

Leikskólar

Miðstöð	Aðstoðarleik- skólastjóri	Grunnstöðu- gildi á deild	Sérkennslu- stjóri	Úthlutuð sérkennsla (sérkennslustjóri ekki talinn með hér)	Samtals
▲					
Austurmiðstöð	0.50	6.00	0.00	3.50	10.00
Norðurmiðstöð	1.00	2.00	1.00	2.00	6.00
Suðurmiðstöð	0.00	5.00	1.00	8.00	14.00
Vesturmiðstöð	0.00	7.00	0.00	2.00	9.00
Samtals	1.50	20.00	2.00	15.50	39.00

Tafla 1a - Fjöldi grunnstöðugilda í leikskólum sem á eftir ráða í eftir borgarhlutum og tegund starfa

Miðstöð	Afleysing v. undirbúningstíma og skammtímaveikinda	Stöðugildi í eldhús (ef ekki er úthýst)
▲		
Austurmiðstöð	3.00	0.40
Norðurmiðstöð	3.30	0.00
Suðurmiðstöð	1.50	1.00
Vesturmiðstöð	4.00	0.00
Samtals	11.80	1.40

Tafla 1b - Fjöldi annarra stöðugilda í leikskólum sem ég eftir að ráða í eftir borgarhlutum og tegund starfa

Frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar

Tegund	Frístundaheimili		Sértæk félagsmiðstöð	
Miðstöð	Fjöldi stöðugilda sem á eftir að ráða í	Fjöldi starfsfólks (kt) sem á eftir að ráða	Fjöldi stöðugilda sem á eftir að ráða í	Fjöldi starfsfólks (kt) sem á eftir að ráða
Austur	28.50	49	1.50	3
Norður	16.50	33	12.50	25
Suður	11.00	23		
Vestur	13.00	25		
Samtals	69.00	130	14.00	28

Tafla 2 - Fjöldi stöðugilda og starfsmanna í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum sem á eftir að ráða í eftir borgarhlutum.



Miðstöð	Fjöldi kt.	Samþykkt	Þar af fjöldi í hlutavistun	Biðlisti
Austur	1442	948	70	494
Norður	1238	898	232	340
Suður	666	549	161	117
Vestur	932	742	113	190
Samtals	4278	3137	576	1141

Tafla 3 - Fjöldi barna, samþykktra barna, hlutfall samþykktra í hlutavistun, fjöldi barna á biðlista

Grunnskólar

Miðstöð	Stjórnun	Kennsla	Stuðningur	Önnur almenn stöðugildi	Alls
Austur	0	2.70	5.50	2.00	10.20
Norður	0	4.00	9.00	2.00	15.00
Suður	1	4.00	5.00		10.00
Vestur	2	1.00	6.20	2.50	11.70
Samtals	3	11.70	25.70	6.50	46.90

Tafla 4 – Fjöldi stöðugilda í grunnskóla sem á eftir að ráða í eftir borgarhlutum.